

Alþingi
Erindi nr. P 135/2783
komudagur 15.5.2008



Fjárlaganefnd Alþingis
Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2008

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um brottfall heimildar til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi fjárlaganefndar Alþingis, dags. 25. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um frumvarp til laga um brottfall heimildar til sölu á hlut ríkissjóðs í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, 189. mál.

Orkuveita Reykjavíkur er alfarið mótfallin efni frumvarpsins, enda hefur fyrirtækið átt í viðræðum við fulltrúa fjármálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs um kaup á 20,7% hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Orkuveita Reykjavíkur telur nauðsynlegt að fyrirtækið eignist hlutinn og að Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar verði í framhaldi sameinuð Orkuveitu Reykjavíkur vegna fjármögnunar nauðsynlegra framkvæmda á hitaveitulögnum og dælustöðvum, sem fyrirhugaðar eru á starfssvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Ef ekki verður ráðist í þær framkvæmdir er vatnsskortur yfirvofandi á Akranesi og í Borgarnesi. Á næstu árum er fyrirhugað að endurnýja heitavatnsæðina og er gert ráð fyrir að sú framkvæmd kosti um 2,6 milljarða króna og á þessu ári er ráðgert að framkvæma fyrir um 500 milljónir króna. Orkuveita Reykjavíkur hefur samþykkt að ábyrgjast lántöku fyrir sínum hlut vegna framkvæmda ársins en fjármálaráðuneytið hefur hafnað beiðni Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar um að ábyrgjast hlut ríkisins.

Orkuveita Reykjavíkur mótmælir þeim röngu fullyrðingum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu um „einkavæðingu“ Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar við fyrirhugaða sölu á hlut ríkisins. Orkuveita Reykjavíkur minnir á að fyrirtækið er alfarið í eigu sveitarfélaga og telst því til opinberra aðila skv. frumvarpi til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði (þskj. 688, 423. mál). Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar mun því áfram haldast í opinberri eigu þó ríkið selji Orkuveitu Reykjavíkur hlut þess í fyrirtækinu

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir